

Skýrsla

um aðalfund amtsráðs Austuramtsins 15.–18. júlí 1901.

Ár 1901 mánudaginn hinn 15. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Eiðum af amtmanni Páli Briem, aðalamsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrimi hjeraðslækni Þórðarsyni á Borgum, varaamtráðsmanni Suðurmúlasýslu kaupmanni Friðrik Möller á Eskifirði, aðalamsráðsmanni Norðurmúlasýslu síra Einar Þórðarsyni á Hofteigi, og aðalamsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu hreppstjóra Árna Kristjánssyni á Lóni.

Á fundinum voru þessi mál tekin til umræðu:

1. Skýrði forseti frá, að kosnir hefðu verið til amtsráðsins um 6 ára tímabil:
 - a. Í Norðurmúlasýslu sem aðalamsráðsmaður síra Einar Þórðarson á Hofteigi og varaamtsráðsmaður Jón hreppstjóri Jónsson á Vopnafríði.
 - b. Í Norðurþingeyjarsýslu, sem aðalamsráðsmaður Árne hreppstjóri Kristjánsson á Lóni, og varaamtsráðsmaður Friðrik borgari Guðmundsson í Þórshöfn; voru kosningar þessar samþykktar af amtsráðsmönnum.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1900 með fylgiskjölum.
 - a. Jafnaðarsjóðs Ausfuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs ———
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
 - d. Gjafasjóðs Guttorms próf. Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslum. Þorsteinssonar.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

3. Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga 1900 úr öllum sýslum amtsins.

Amtsráðsmönnum Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu var falið að rannsaka reikningana úr Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu, en amtsráðsmönnum Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu var falið að rannsaka hina reikningana.

4. Amtsráðið samþykkti nýja fyrirmynd fyrir skýrslum um skoðun á búpeningi og fódurbirgðum hreppsþúa, og jafnframt var forseta falið að láta prenta eyðublöð undir skýrslurnar og senda þau sýslumönnum til útbýtingar.
5. Forseti lagði fram skýrslu um hag alþýðustyrktarsjóða í Austurskaptafellssýslu 1900 og reikning um alþýðustyrktarsjóði Norðurþingeyjarsýslu. Það þótti athugasvert, að í reikningi Norðurþingeyjarsýslu voru ekki taldar eptirstöðvar frá f. á., eins og þó á að vera. Skýrslur um hag styrktarsjóða í hinum sýslunum voru eigi komnar, og fól amtsráðið því forseta að heimta þær. Jafnframt var lagt fram brjef frá sýslumanninum í Austurskaptafellssýslu, dags. 13. maí þ. á., þar sem hann framber þá ósk sýslunefndarinnar

þar, að amtsráðið láti prenta eyðublöð undir hina árlegu reikninga sjóðanna og um hinar árlegu skýrslur hreppsnefndanna um gjaldskyldu til þeirra.

Amtsráðið samþykkti þetta.

6. Framlagt var brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, dags. 18. maí þ. á., þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin þar hafi á síðasta aðalfundi ályktað að neita því, að amtsráð Austuramtsins tæki að sjer yfirstjórn búnaðarskólans á Eiðum. Amtsráðið finnur því ekki ástæðu til að taka málið fyrir, og felur forseta að skýra sýslunefnd Norðurmúlasýslu frá þessu.
7. Framlagt var brjef frá sýslumanni Suðurmúlasýslu, dags. 18. maí þ. á., þar sem hann óskar þess fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið samþykki að teknir verði í sýsluvegatölu:
 1. Vegurinn frá svonefndum Blóðbrekkum að Nesi í Norðfirði.
 2. Vegurinn í Vallahreppi, frá Gilsá um Hallormsstað út Skóga yfir hálsinn hjá Víkingsstöðum og þaðan yfir þjóðveginn á Austur.Völlum, og að aðrir verði eigi sýsluvegir í Vallahreppi.
 Amtsráðið samþykkti þetta.
8. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 10. maí þ. á., þar sem hann óskar þess fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið vilji skipta Vopnafjarðarhreppi í tvö yfirsetukvennaumdæmi, þannig, að annað umdæmið nái yfir Selárdal með Strönd og Vesturárdal með Norðurskálanesi, en hitt nái yfir Hofárdal og hinn hluta hreppsins. Amtsráðið ákvað að taka þessa ósk til greina, og fól forseta sínum að gefa út auglýsingu um yfirsetukvennaumdæmin.
9. Framlagt var brjef hjeraðslæknis Jóns Jónssonar á Vopnafirði, dags. 5. þ. m., ásamt skýrslu um bólusetningar sauðfjár. Amtsráðið samþykkti að veita hjeraðslækni Jóni Jónssyni á Vopnafirði 100 kr. fyrir útvegum á bóluefni og úthlutun á því í Norðurþingeyjarsýslu, Norðurmúlasýslu og norðurhluta Suðurmúlasýslu, og hjeraðslækni Ólafi Thorlacius á Búlandsnesi 50 kr. fyrir útvegum á bóluefni og úthlutun á því í Austurskaptafellssýslu og suðurhluta Suðurmúlasýslu. Jafnframt var fulltrúum amtsráðsins á búnaðarþingi Íslands falið að sækja um að fá veittar 150 kr. hjá Búnaðarþjelagi Íslands og hreifa því á búnaðarþinginu, að fjelagið taki að sjer að sjá mönnum fyrir bóluefni um allt land.
10. Forseti skýrði frá brjefaviðskiptum sínum við stjórn Búnaðarþjelags Íslands, en amtsráðið fann ekki ástæðu til þess að gjöra að svo stöddu frekari ályktanir viðvíkjandi búnaðarmálum, en það hefir gjört á síðasta fundi
11. Fram voru lagðar og upplesnar sýslufundargjörðir:
 - a, úr Norðurmúlasýslu 17.—19. apríl 1901.
 - b, — Suðurmúlasýslu 20.—23. apríl 1901.
 - c, — Norðurþingeyjarsýslu 1.—3. apríl 1901.
 - d, — Austurskaptafellssýslu 26.—27. apríl 1901.

Við fundargjörðir Norðurmúlasýslu þótti athugasemjaverð, að sýslunefndin hafði leyft hreppsnefndinni í Vopnafjarðarhreppi að taka 10,000 kr. lán til

þess að koma á fót »bústofnsleigusjóði« í hreppnum, en þar sem amtsráðinu þótti vafasamt, hvort sýslunefndin hefði heimild til að leyfa slíka lántöku, þá fól það forseta að heimta upplýsingar um það, hvernig þessum væntanlega sjóði sje háttað.

Við hinar fundargjörðirnar þótti ekkert athugasvert.

12. Amtráðsmennirnir lögðu fram reikninga amtsins. Jafnaðarsjóðsreikningurinn var samþykktur með þessum athugasemdum:
 1. Á fylgiskjali 21 er reikningur frá Stefáni Sigurðssyni í Ærlækjarseli að upphæð 134 kr. 50 a., en kvittun hans á fylgiskjali 21 telur borgaðar kr. 134,75. Mismuninn, 25 a., ber að endurgjalda jafnaðarsjóði.
 2. Á fylgiskjali 69, sem er reikningur yfir ferðakostnað Jóns læknis Jónssonar á Vopnafirði, er 17. sept. oftalið fylgdarmannskaup á 6 kr. og 3 hestlán á 12 kr., sömul. 5. nóv. fylgdarmannskaup á 16 kr. Upphæðina, alls kr. 34,00, ber að endurgjalda jafnaðarsjóði.

Hinir reikningarnir, sem nefndir eru í tölul. 2, voru samþykktir athugasemdalaust.
13. Amtsráðinu höfðu borizt fregnir um að stjórnin hefði lagt fyrir alþingi frumvarp til laga um fjárkláðann og hafði amtsráðið fyrir sjer frumvarp þetta til athugunar. Amtsráðið hefir fyrirfarandi varið miklu fje (10—20 þús. krónum) til útrýmingar fjárkláðanum, og eptir reynslu, sem það hefir fengið, eru á kvæði frumvarpsins mjög hagfelld. Amtsráðið leyfir sjer því að beina þeirri áskorun að öllum alþingismönnum í Austuramtinu að styðja frumvarpið eptir megni, og, efmönnum ber eitthvað á milli, að styðja að samkomulagisvo að málið geti fengið sem heppilegastan framgang á þessu þingi.
14. Forseti skýrði frá ráðstöfunum til útrýmingar fjárkláðanum í Austuramtinu. Í fyrra sumar voru pöntuð baðlyf, en, þegar til kom, reyndust þau oftil til og varð því að kaupa baðlyf bæði á Þórshöfn og Vopnafirði. Síðan fóru fram tvennar baðanir á sauðfje síðastliðið haust á öllu svæðinu milli Jökulsáanna, en það kom þegar í ljós, að ýmsir hreppstjórar og aðstodarmenn voru eigi fullkomlega vaxnir starfi sínu, og að böðun fór því ekki fram samkvæmt rjettum reglum, sjerstaklega virðist svo, sem menn hafi almennt ekki haldið sauðfje niðri í baðleginum nægilega lengi. Þessvegna hefir fjárkláði komið fyrir eptir baðanirnar og varð því nauðsynlegt að baða sauðfje í Fjallahreppi, ýmsum bæjum í Vopnafjarðarhreppi og víðar, en þar sem engin baðlyf voru til, þótti forseta nauðsynlegt að kaupa baðlyf, er síðan var útbýtt milli manna, en nokkuð er þó eptir af baðlyfjum þessum. Forseti lagði fram mörg skjöl og skýrslur viðvikjandi útrýmingu fjárkláðans og bar undir samþykki amtsráðsins kaup á baðlyfjunum. Amtsráðið athugaði skjöl þessi, ræddi málid og samþykkti að andvirði baðlyfjanna mætti greiðast af jafnaðarsjóði.
15. Forseti lagði fram:
 - a. Bónarbrjef frá nokkrum bændum í Fjallahreppi, dags. 6. f. m., um að fá borgaðar 64 kr. fyrir flutning á baðlyfjum síðastliðið vor.
 - b. Bónarbrjef frá Jóni Árnasyni á Ásmundarstöðum, dags. 14. jan. þ. á.,

93

um að fá borgaðar 83 kr. fyrir flutning á baðlyfjum frá Þórshöfn síðastliðið haust.

- c. Bónarbrjef frá Stefáni Sigurðssyni frá Ærlækjarseli um að fá borgaðar af jafnaðarsjóði 33 kr. 75 a. fyrir baðlyf, 9 kr. fyrir umsjón með böðun á Sigurðarstöðum og 70 kr. fyrir flutning bænda í nágrenni við hann á baðlyfjum frá Húsavík.

Amtsráðið ræddi þetta og samþykkti að borga áður nefndar kr. 33,75 fyrir baðlyf og 9 kr. fyrir umsjón. Svo samþykkti það og með 4 atkv. gegn 1, að greiða helming af kostnaðinum við flutning baðlyfjanna með því að því þótti eptir atvikum sanngjarnt, að hlutadeigendur fengi þetta borgað, þótt amtsráðið annars eigi borgi slíkan kostnað.

16. Forseti lagði fram brjef frá nokkrum bændum í Þistilfirði, dags. 11. febrúar 1901, þar sem þeir fóru fram á, að fá borguð baðlyf, er þeir notuðu vorið 1900. Amtsráðið samþykkti eptir atvikum að greiða andvirði baðlyfjanna.
17. forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 3. f. m., þar sem hann óskar að fá greiddar 210 kr., sem toll af 600 pd. af tóbaki, er amtsráðið fjekk til fjárkláðalækningar haustið 1898. og skýrði hann jafnframt frá því, að hann hefði greitt þessa upphæð úr jafnaðarsjóði. Amtsráðinu virtist full sanngirni mæla með því, að það fengi veittar 210 kr. af landssjóði, með því að tóbakið var eingöngu notað til fjárkláðalækninga og fól því forseta að sækja til alþingis um að jafnaðarsjóði Austuramtins verði veittar 210 kr, fyrir það að greidd hefir verið jöfn upphæð í landssjód, sem tollur af tóbaksbaðlyfjum.
18. Amtsráðið tók fjárkláðamálið til umræðu í heild sinni, og lætur það í ljósi, að það eptir upplýsingum þeim, er fyrir lágu, verði að álita, að fjárkláðinn hafi síðastliðið vor verið miklum mun minni á svæðinu milli Jökulsáanna, en fyrirfarandi vor, og að hann muni hafa verið útrýmdur í þeim hreppum, sem ekkert bar á honum við rúning. Eptir atvikum verður amtsráðið að álita, að nú sje svo komið, að eigi sje rjett að banna fjárflutning yfir Jökulsá á Brú og felur forseta því að tella bannið úr gildi, en aptur á móti álitur amtsráðið, að ákvæðin um bann gegn fjárflutningi yfir Jökulsá í Axarfirði verði að standa í fullu gildi, ennfremur álitur það nauðsynlegt, að nákvæmar skoðanir verði gjörðar á öllu útflutningsfje eins og að undanförunu, og að skoðanir verði gjörðar á öllu sauðfje næsta haust á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og í Axarfirði (Stórár) og Lagarfjöts, fyrst í rjettum og svo um það leyti, er hinar lögskipuðu búfjárskoðanir fara fram, og næsta vor um rúning.

Ef nokkursstaðar ber á fjárkláða, væntir amtsráðið þess, að fjárkláðalögnum verði stranglega framfylgt, og til þess að fjárbaðanirnar geti gengið greiðar, vill amtsráðið verja baðlyfjum þeim, sem það á óeytt, þannig að þeir, sem eiga að bada, geti fengið þau ókeypis, meðan þau endast, en að öðru leyti væntir amtsráðið, að lagafrumvarp það um fjárkláðann, sem stjórnin hefir lagt fyrir alþingi, verði samþykkt og að það verði staðfest svo tím-

anlega, að, ef fjárbaðanir þurfa að fara fram á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Lagarfjólts, þá geti fjáreigendur fengið ókeypis baðlyf samkvæmt hinum nýju lögum, þegar eptir miðjan vetur. Þar sem það því er mjög á-
rífðandi, að fjárkláðanum verði alveg útrýmt næsta vetur á áðurnefndu svæði, ef hann skyldi koma þar fyrir aptur, þá felur amtsráðið forseta sínum að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann vildi mæla með því við stjórn-
ina, að hin væntanlegu nýju lög um fjárkláðann verði staðfest sem fyrst eptir þinglok í sumar.

19. Amtsráðið ákveður að fela forseta sínum að framfylgja sömu ráðstöfunum gegn fjárkláðanum í Keldunesshreppi vestan Jökulsár (Stórár), eins og fram fylgt verður í Norðuramtinu.
20. Framlagt var brjef frá Kristjáni bónda Sigurðssyni á Grímsstöðum, dags. 11. þ. m., þar sem hann óskar að færður verði niður reikningur aðstöðarmanna hreppstjórans í hreppnum, er amtmaður hafði skipað utanhrepps. Amtsráðið vísaði þessu máli frá sjer, með því að það heyrir ekki undir verksvið þess að setja niður slíka reikninga.
21. Forseti lagði fram bónarbrjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirðinga frá 5. t. m. um venjulegan styrk til kvennaskóla þessa úr jafnaðarsjóði og brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um 100 kr. styrk til kvennaskólans í Húnavatnssýslu. Ennfremur voru lagðar fram skýrslur um skóla þessa síð-
astliðið skólaár. Amtsráðið veitti skólum þessum 100 kr. hvorum fyrir sig.
22. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eiðum bæði yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 1900—1901, og jafnaðarreikningur skólabúsins 6. júní 1901 ásamt skýrslu um skólann.

Amtsráðið athugaði reikninga þessa og úrskurdaði þá.

23. Framlagður var reikningur bókasafns Austuramtsins 1900 með fylgiskjölum. Amtsráðsmennirnir endurskoðuðu reikning þenna, og var hann samþykktur með þessari athugasemd:

Í gjaldalið 2 er talið til útgjalda kr. 65,07 fyrir bókbænd, en í fylgiskjalinu 2 er reikningur fyrir þessu, en hann er allsendis ósundurliðaður og ókvittaður og ber því að senda sundurliðaðan og kvittaðan reikning fyrir þessum kr. 65,07.

24. Framlagðir voru sýsluvegasjóðsreikningarnir endurskoðaðir af hlutadeigandi amtsráðsmönnum og voru þeir úrskurdaðir á þessa leið:
 - a, Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert athugavert.
 - b, Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
 1. Ýmsar skýrslur um verkfæra karlmenn voru gjörðar fyrir lok ársins 1899, í stað þess að þær áttu að vera gjörðar í marz mánuði 1900.
 2. Í fylgiskjölum við gjaldaliði um útborganir til sýsluvega eru aðeins kvittanir fyrir útborgun til vegagjörðanna, en skýrslur eða reikningar fyrir vegagjörðunum eru ekki látnir fylgja reikningunum. Eptirleiðis ber að gæta þess, að láta skýrslur eða reikninga um vegagjörðir fylgja reikningunum.

93

- c, Við sýsluvegasjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti athugavert, að í fylgiskjali 28 er ofreiknuð borgun fyrir lán á vagni um 10 kr., er ber að endurborga.
- d, Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Skýrslur vantar frá nokkrum verkstjórum um það, í hverju sumar vegagjörðir eru fólgnar. Eptirleiðis ber að gæta þess að verkstjórar skýri frá slíku.
 2. Svör reikningshaldara til athugasemda endurskoðanda vanta og ber eptirleiðis að senda þau með reikningunum.
25. Framlagðir voru sýslusjóðsreiknarnir endurskoðaðir af hlutaðeigandi amtsráðsmönnum og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:
- a, Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að fylgiskjöl 16—20 með gjaldalið 6 voru aðeins kvittanir fyrir útborgunum til hundalækninga, án þess að skýrt sje frá tölu hundanna eða hvenær lækningar hafi átt sjer stað. Eptirleiðis ber að gæta þess.
- b, Við sýslusjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti athugavert, að í fylgiskjali 10 með gjaldalið 6 voru aðeins kvittanir fyrir útborgunum til hundalækninga, en eigi var skýrt frá, hvenær hundalækningarnar hafa átt sjer stað, og ber að gæta þess síðar.
- c, Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Í fylgiskjali 4 er talinn kostnaður við sýslunefndina að upphæð 167 kr., er ber að endurgjalda, en eptir atvikum má, eins og að undanfögnu, verja 100 kr. fyrir átroðning við fundarhaldið.
 2. Í fylgiskjali 60 er talinn kostnaður við sóttthreinsun kr. 50,94, en þar sem reikningurinn um þetta er ósundurliðaður, ber að senda nýjan sundurliðaðan reikning fyrir þessari upphæð.
- d, Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Verzlunarstjórar kvitta fyrir yfirsetukvinnalaunum í 4 umdæmum (fskj. 6, 7, 16 og 17), án þess að hafa umboð til þess. Ef laun þessi hafa verið greidd með innskript, þá má slíkt eigi eiga sjer stað.
 2. Í Norðfjarðarhreppi hefir verið ofborgað fyrir hundalækningar 16 a. (fskj. 30), er ber að endurgjalda.
 3. Samkvæmt fskj. 64 hefir verið greitt úr sýslusjóði fyrir birting auglýsinga og sýslufundargjörða kr. 75,70, en sundurliðaðan reikning um þetta vantar og ber að útvega hann og senda.
 4. Amtsráðið telur æskilegt, að skrá yfir vegabótaverktari sýslunnar verði eptirleiðis látin fylgja eignarskýrslunni.
 5. Svör reikningshaldara til athugasemda endurskoðanda vantar og ber eptirleiðis að senda þau með reikningunum.
26. Amtsráðinu hafði hvorki borizt beiðni um styrk frá spítalanum á Seyðisfirði, nje skýrsla um hann. Þar sem stofnun þessi er styrkt úr amtsjóði, fól amtsráðið forseta sínum að heimta skýrslur um spítalann og eptirrit af reikningum hans.

27. Var samin og samþykkt svohljóðandi

93

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1902.

Tekjur:

Jafnaðarsjóðsgjald	kr. 6000 00
------------------------------	-------------

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000 00
2. Til menntamála:	
a. Til bókasafns Austuramtsins	kr. 500 00
b. Til kvennaskóla í Húnavatnssýslu	— 100 00
c. Til kvennaskóla Eyfirðinga	— 100 00
d. Til bóka- og áhaldakaupa Eiðaskóla	— 100 00
e. Til Eiðaskólans	— 300 00
3. Til spítala á Seyðisfirði	— 300 00
4. — bólusetningar sauðjár	— 150 00
5. — búnaðarfjelags Íslands	— 200 00
6. — útrýmingar fjárkláðanum	— 2800 00
7. — leikfimisfjelags Eskifjarðar	— 50 00
8. — óvissra útgjalda	— 400 00
	<hr/>
	kr. 6000 00

Fleiri mál komu eigi til umræðu, fundarbók upplestin og samþykkt, en síðan var fundi slitið 18. júlí 1901.

Páll Briem, Einar Þórðarson, Árni Kristjánsson,
Þorgr. Þórðarson, Friðrik Möller.

* * *

Skrifstofu Austuramtsins.

Akureyri, 25. júlí 1901.

Páll Briem.

Reikningur

94

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins 1900.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1899.	
a. Í Landsbankanum	kr. 5 53
	<hr/>
	Flyt: kr. 5 53